



## Stjórnarfundur UÍA

**Haldinn á Egilsstöðum, þriðjudagur 06.06.2023 kl: 17:00**

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Guðjón Magnússon, Gunnar Gassi Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Þórunn María Þorgrímsdóttir, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Sæbjörn Guðlaugsson sumarstarfsmaður

### Dagskrá

- Síðasta fundargerð
- Innsent erindi
- Gangur verkefna sumarsins
- Önnur mál

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

### Innsend erindi

Beiðni um styrk annars vegar frá 10. og 11. flokki unglunga Hattar í körfubolta og hins vegar frá Brynju Líf Júlíusdóttur, unglíngalandsliðkonu í körfuknattleik.

Ákveðið var að stykja unglíngaflokkinn um 150.000 kr. samkvæmt vinnureglu stjórnar UÍA.

Einnig var ákveðið að styrkja Brynju Líf um 80.000 kr vegna unglíngalandsliðsferða.

### Verkefni sumarsins

*Farandþjálfun* - Sæbjörn er búinn að hafa samband við öll félögin sem voru með í farandþjálfuninni í fyrra og öll félögin ætla að vera með. Verið er að vinna í tímasetningum með félögunum. Stefnt er að því að byrja æfingar mánudaginn 12.06.

*Knattspyrnumót – Austurland* – verið er að skoða það hvort að hægt verði að fara af stað með mót á Austurlandi.

*Tour de Ormurinn* – Framundan er fundur með hópnum sem var búinn að gefa kost á sér í að vinna með UÍA varðandi mótafyrirkomulagið. Stefnt er að því að vera með 26 km keppni sem myndi höfða til margra.

*Sumarhátíð UÍA* – verið er að vinna að undirbúningi sumarhátíðarinnar. Gassi skoðar það hvort það séu einhverjir skemmtikraftar á svæðinu sem væri hægt að samnýta.

## **Önnur mál**

*Peysumál UÍA* – hugmynd að skoða það hvort það ætti eitthvað að endurnýja peysurnar fyrir UÍA. Skoða þarf þá hvort það þurfi að fara í einhverja endurhönnun. Gassi hefur samband við nokkur fyrirtæki til að sjá hvað er í boði.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 27.06 kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 18:08

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir